

Ed.

140. Nefndarálit

um frv. til laga um fasteignasölu.

• Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af allsherjarnefnd Nd. og var afgreitt frá þeirri deild án þess að breytingar kæmu fram, enda virðist og nefndinni eðlilegt, að lög séu sett um þá, sem stunda þessa atvinnugrein, er tryggir eflir föngum heilbrigði i þeim viðskiptum og hæfni þeirra manna, er að henni starfa sem milligöngumenn.

Nefndinni þykir þó óþarfi að gera leyfi ráðherra að skilyrði fyrir því, að þeir menn, sem nú starfa að fasteignasölu og hafa rekið hana frá fastri skrifstofu i 5 ár eða meira, megi halda þeirri atvinnu áfram, og telur nægja, að þeir fái vottorð það, sem um ræðir i 14. gr. — Tveir nefndarmenn (ÁJ og PHerm) voru fjarverandi er nefndin afgreiddi málið.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 14. gr. Í stað orðanna „getur atvinnumálaráðherra leyft“ kemur: er heimilt.

Alþingi, 24. marz 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Magnús Jónsson,
frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.